



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13.03.2018
Tilvísun vor: M-2018-053 / 00.11

Efni: Umsögn Landsvirkjunar um þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál

Landsvirkjun hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þingskjal 253 – 179. mál.

Landsvirkjun fagnar því að stjórnvöld skuli setja sér stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Landsvirkjun telur þörf á að styrkja flutningskerfi raforku til að tryggja að atvinnuvegir á landsbyggðinni búi við svipuð tækifæri og atvinnuvegir á suðvesturhorninu. Frá sjónarhóli Landsvirkjunar er mikilvægt að styrkingar á flutningskerfinu, sem hafa verið á áætlun Landsnets í þó nokkurn tíma, eigi sér stað. Núverandi flutningstakmarkanir hafa neikvæð áhrif á rekstur einstakra stöðva Landsvirkjunar, hamla flutningi á raforku frá einu orkuvinnslusvæði til annars sem hefur neikvæð áhrif á afhendingaröryggi raforku, auk þess sem flutningstakmarkanir hamla undirbúningi nýrra virkjunarkosti í nýtingarflokki rammaáætlunar.

Í 4. tölulíð A kemur fram að skoða skuli að hve miklu leyti megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbyggingu flutningskerfisins. Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Um þessa ráðagerð er fjallað í athugasemdum með tillögunni og sagt að ýmsar tækniframfarir hafi átt sér stað á síðustu árum á sviði jarðstrengja og því ástæða til að kanna enn frekar möguleika á því sviði miðað við íslenskar aðstæður og að teknu tilliti til jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta. Af hálfu Landsvirkjunar eru ekki gerðar athugasemdir við þessa stefnumörkun en þó bent á að liggja þurfi skýrar fyrir við hvaða svæði er átt þegar rætt er um hálendið. Nú þegar liggja línur yfir landsvæði sem í skilgreint er sem hálendi, svo sem frá Blöndu yfir í Hvalfjörð að hluta, frá Kröflu yfir í Fljótsdal, lína um friðland að Fjallabaki og línur frá öllum virkjunum Landsvirkjunar á Þjórsársvæði fyrir utan Búrfellsvirkjun.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri